

# SAMÞYKKT

## um stjórn og fundarskóp sameinaðs sveitarfélags Fremri-Torfustaðahrepps, Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Staðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Þorkelshólshrepps og Þverárhrepps.

### I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Sveitarstjórnin er skipuð 7 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. II. og IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og III. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn og ráða löggiltan endurskoðanda til að annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn sveitarfélagsins skv. V. kafla fyrrnefndra laga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

## II. KAFLI Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

### 7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins, sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar þess. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

### 8. gr.

Sveitarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Félagsmálaráðuneytið getur veitt sveitarstjórn lengri frest þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga sveitarfélagsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

### 9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

### 10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar sveitarstjórnarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð. Senda skal félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlunir, sbr. 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### 11. gr.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en 1. júní ár hvert skv. 72. gr. sveitarstjórnarlaga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert. Viðurlög skv. 4. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu sveitarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

## III. KAFLI

## Um fundarsköp sveitarstjórnar.

## 12. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum ákveður sveitarstjórn fundardag og fundartíma sem gildir fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita sveitarstjórnar og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

## 13. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni kveður hana til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Framangreindur fundarboðandi getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar.

## 14. gr.

Oddviti sveitarstjórnar eða sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það. Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir.

## 15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar. Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra fastra starfsmanna sveitarfélagsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins ef eða að svo miklu leyti sem sveitarstjórn þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjórnarmenn eða sveitarstjóri óska að taka á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti eða sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

## 16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund hafa boðað sveitarstjórnarmenn á sveitarstjórnarfund og kynnt þeim dagskrá fundarins.

## 17. gr.

Sveitarstjóri skal boðsenda, eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn samþykkir, sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 18. gr.

Sá sem boðar til fyrsta fundar sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar, setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti sveitarstjórnar hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sveitarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti sveitarstjórnar stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til eins árs.

Nú nýtur oddviti ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn og skal hann þá víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

## 19. gr.

Sveitarstjórn getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórn.

## 20. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

## 21. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er á fundi. Sveitarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 22. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

## 23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

## 24. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtæki.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára fjárhagsáætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 25. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund, sbr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður. Sveitarstjórn getur heimilað að maður utan sveitarstjórnar kveðji sér hljóðs á sveitarstjórnarfundi.

## 26. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

## 27. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

## 28. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljónist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 29. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 30. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 31. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, oddvita eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Þá er sveitarstjórn heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 32. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef sveitarstjórnarmaður sem situr fundinn óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í staf-rófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það. Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita sveitarstjórnar, sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

## 34. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál. Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í sveitarstjórn. Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir sveitarstjórnarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað. Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Sé það gert skal bókað í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók sveitarstjórnar fundarslit og blaðsíðutal fundargerða. Sveitarstjórnarmenn sem fundinn sitja skulu rita nöfn sín við slit fundar í gjörðabók sveitarstjórnar. Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók sveitarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

## IV. KAFLI

**Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanns.**

## 35. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

## 36. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, s.s. oddvitastörf og störf í byggðarráði eða öðrum nefndum á vegum sveitarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 37. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

## 38. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

## 39. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 41. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar.

## 42. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf. Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Ákvæðið á heldur ekki við þegar sveitarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins. Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

## 43. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í sveitarstjórn. Sveitarstjórnarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar sveitarstjórnar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

## 44. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.



## 45. gr.

Geti sveitarstjórnarmaður ekki sótt sveitarstjórnarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

## 46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem sitja sveitarstjórnarfund.

## V. KAFLI

**Byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.**

## 47. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

## 48. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð.

Sveitarstjóri á sæti í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í byggðarráð.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks eða framboðsaðila kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

## 49. gr.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum ákveður sveitarstjórn fundardag og fundartíma fyrir byggðarráð sem gildir fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

## 50. gr.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi sveitarstjóri fengið vitneskju um forföll byggðarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

## 51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann og varaformann byggðarráðs. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmaður óskar þess.

Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

## 52. gr.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála-  
stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með stjórn-  
sýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun  
sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana sveitarfélagsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi  
stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér  
byggðarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrir-  
tækja/stofnana sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórn-  
arlög mæla fyrir um. Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra  
mála sem það fær til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem  
ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans, enda sé ekki ágrein-  
ingur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá tekur byggðarráð  
fullnaðarárvarðanir í málum sem sveitarstjórn hefur falið því að afgreiða. Byggðarráð  
ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt  
fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur sveitarstjórn  
falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

## 53. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

## 54. gr.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera  
það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara sé ekki annað ákveðið í lögum  
eða af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi með a.m.k. eins  
sóláhrings fyrirvara.

## 55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Þegar aðalmaður í  
nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður  
í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur  
varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar,  
skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi  
ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 56. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka  
starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til  
viðræðna um tiltekin mál.

## 57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda  
um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

## 58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, erindisbréfum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

## 59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

## 60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá byggðarráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## 61. gr.

Sveitarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

**A. Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita.*
2. *Byggðarráð.* Þrjú sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Undirkjörstjórnir við alþingiskosningar.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara fyrir hverja kjördeild í sveitarfélaginu skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

**B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Skóðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992, sbr. lög nr. 161/1996, og verkefni jafnréttisnefndar, sbr. lög nr. 28/1991.
3. *Fræðsluráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Ráðið sinnir einnig málefnum tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, verkefnum leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994 og málefnum skólabúðanna að Reykjum í Hrutafirði skv. samningi þar um.
4. *Menningar- og æskulýðsráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið sinnir málefnum héraðsskjalasafns skv. lögum nr. 66/1985, almenningsbókasafna skv. lögum nr. 36/1997 og málefnum félagsheimila. Ráðið hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfsemi á vegum sveitarfélagsins og starfar sem rekstraraðili íþróttamannvirkja.
5. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni skipulags- og byggingarnefndar skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, verkefni brunavarna skv. lögum nr. 41/1992, verkefni náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 93/1996 og verkefni umferðarnefndar, sbr. lög nr. 50/1987. Ennfremur hefur nefndin eftirlit og umsjón með gerð umhverfisáætlunar fyrir sveitarfélagið (Dagskrá 21) og gerir tillögur til sveitarstjórnar um fegrun umhverfis og uppbyggingu ferðamannaþjónustu á vegum sveitarfélagsins.

6. *Landbúnaðar- og samgöngunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin sér um verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, yfir- stjórn fjallskilamála, búfjárefartil, refa- og minkaeyðingu, búfjárgirðingar og málefni jarða í eigu sveitarfélagsins. Einnig skipulag snjómoksturs í dreifbýli og gerð tillagna um viðhald og endurbætur á safnvegum og styrkvegum í sveitarfélaginu. Jafnframt skal kjósa þrjá menn og þrjá til vara í fjallskilastjórn fyrir hverja fjallskiladeild og skulu þeir vera úr hópi þeirra sem upprekstrarrétt eiga á viðkomandi svæði.
7. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmann og annan til vara skv. lögum nr. 94/1962.
8. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um húsnæðis- mál nr. 44/1998.
9. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmann og annan til vara skv. samþykktum sambandsins.
10. *Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.* Fjórir aðalmenn á ársþing SSNV og jafnmargir til vara skv. lögum SSNV.
11. *Stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í samráði við sveitarstjórn Bæjarhrepps, sbr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
12. *Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar og undikjörstjórnir jafnmargar fjölda kjör- deilda.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í hverja kjörstjórn skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
13. *Stjórn Skólaskrifstofu Húnavetninga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. sam- þykktum skólaskrifstofunnar.
14. *Stjórn Jarðasjóðs Vestur-Húnavatnssýslu.* Einn aðalmann og annan til vara skv. sam- þykktum sjóðsins.
15. *Stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.* Einn aðalmann og annan til vara skv. samþykktum safnsins.
16. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
17. *Fulltrúaráð Farskóla Norðurlands vestra.* Einn aðalmann og annan til vara skv. sam- þykktum skólans.  
Byggðarráð fer með verkefni þeirra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni samkvæmt heimild í 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

62. gr.

Sveitarstjórn getur kosið aðrar nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verk- efnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verk- efni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## VI. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn sveitarfélagsins.

63. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitar- stjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðn- ingarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

64. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi

atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

#### 65. gr.

Sveitarstjórn ræður fasta starfsmenn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

#### 66. gr.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðarmót. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, sbr. 1. málslíð, svo og starfssvið þeirra. Um starfskjör, réttindi og skyldur þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

#### 67. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingarmanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags Fremri-Torfustaðahrepps, Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Staðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Þorkels-hólshrepps og Þverárhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvammstangahrepps nr. 208/1991 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Ytri-Torfustaðahrepps nr. 576/1995.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.*

F. h. r.

**Sturlaugur Tómasson.**

*Sesselja Árnadóttir.*